2017

DMP

Destination Management Plan

Okkar áfangastaður • Norðurland

Stöðuskýrsla um áfangastaðaáætlun DMP

Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS
Energy · Magic · Tranquillity

ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN DMP Á NORÐURLANDI

Þann 23. mars 2017 gengu Markaðsstofa Norðurlands og Ferðamálastofa frá samningi um áfangastaðaáætlun fyrir landshlutann Norðurland. Verkefnið á að skipuleggja og samhæfa þróun og stýringu á öllum þeim þáttum sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Verkefnið er eitt af sjö áhersluatriðum Vegvísis Ferðaþjónustunnar.

Hvernig gagnast verkefnið fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi

Markmiðið með verkefninu er að búa til stöðumat á ferðaþjónustu á Norðurlandi. Meðal annars er gerð ástandsgreining á stöðu ferðaþjónustu út frá innviðum og markaðssetningu, búin er til forgangsröðun verkefna fyrir svæðið og skerpt á framtíðarmarkmiðum Norðurlands í ferðaþjónustu. Grunnurinn að þessari vinnu er að allir hagsmunaaðilar á svæðinu sjái Norðurland sem eina heild og vinni sameiginlega að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Hverjir eru hagsmunaaðilar?

Aðalhagsmunaaðilar verkefnisins eru ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi. Aðrir hagsmunaaðilar eru þeir sem hafa beint eða óbeint hafa af ferðaþjónustu á viðkomandi svæði.



Verkefnastjórar

Verkefnastjóri verkefnisins er Björn H Reynisson en auk hans eru Sigurður Líndal Þórisson og Guðríður Hlín Helgudóttir með 50% stöðu fyrir Selasetur Íslands og Silja Jóhannesdóttir fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga í 50% stöðu. Áætluð skil eru 30 apríl.

Stýrihópur

Stýrihópur verkefnisins samanstendur af stjórn Markaðsstofu Norðurlands auk tveggja fyrrverandi stjórnarmanna Markaðsstofu Norðurlands, framkvæmdastjóra Eyþings og framkvæmdastjóra SSNV.

FRAMKVÆMD VERKEFNIS

Undirbúningur

Í upphafi verkefnisins var leitast við að kynna verkefnið sem víðast. Meðal annars með því að fara á fundi og halda kynningar á svæðinu. Auk þess var reynt að hitta á sem flesta forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja.

Auk þess reyndu verkefnastjórar að ná fundi með öllum bæjar- og sveitarstjórum á svæðinu, þar sem þeim var kynnt hvað verkefnið snýst um og lögð var áhersla á að fá þeirra stuðning við verkefnið. Norðurlandi var síðan skipt upp í 4 vinnusvæði sem eru eftirfarandi:



Gagnaöflun

Mikill tími hefur farið í gagnaöflun í verkefninu og reynt var að fá gögn sem geta gefið upplýsingar um stöðu Norðurlands sem áfangastaðar. Auk þess verður það skoðað hvaða gögn vantar svo hægt sé að fá skýrari mynd af stöðu áfangastaðarins.

Framtíðarsýn Norðurlands

Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði. Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðaþjónustu **allt árið** sem tryggi uppbyggingu **innviða**, greiðar **samgöngur**, fleiri **heilsársstörf** og meiri **framlegð** í greininni.
Ein grundvallarforsenda þess að ná markmiðum í nánustu framtíð er að beint áætlunarflug hefjist til Norðurlands.

Stefnuáherslur Norðurlands

▼

Verkefni ▶ **Air 66N** • **Norðurstrandarleið** • **Forgangsröðun vegamála** • **Forgangsverkefni DMP / MN**

Markaðsáherslur

▼

Náttúru, ævintýra og vistvæn ferðaþjónusta • **Vetrarferðamennska** • **Saga, menning og listir**

▼ ▼ ▼

Verkefni ▶ **Birding Iceland** **Ski Iceland** **Local Food**

Stefnumótandi verkefni

Markaðsstofa Norðurlands hefur verið að vinna í ákveðnum áhersluverkefnum sem hafa það að markmiði að uppfylla þá framtíðarsýn sem er verið að vinna eftir.

Flugklasinn Air 66N er samstarfsverkefni fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norðurlandi, sveitarfélaga, stofnana og annarra hagsmunaaðila í samfélaginu. Klasinn er leiðandi í að markaðssetja og kynna Akureyrarflugvöll sem nýjan áfangastað fyrir millilandaflug allt árið um kring með það að markmiði að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvöl þeirra á svæðinu. Verkefnið fór af stað 2010 og í október það ár var ráðinn verkefnastjóri til að annast undirbúning að verkefninu í samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila. Í október 2011 var klasinn svo formlega stofnaður. Á undanförnum árum hafa nokkur verkefni hafist eins og tengiflug milli Keflavíkur og Akureyrar sem rekið er af Air Iceland Connect og leiguflug hjá ferðaskrifstofunni Super Break sem hefst 12. janúar 2018.

Undanfarin 2 ár hefur verið í mótun verkefni sem kallast Norðurstrandarleið eða Arctic Coast Way, en upphafið af því kemur úr vöruþróunarvinnu á ákveðnum svæðum sem voru Skagafjörður, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Akureyrarbær og Norðurhjari. Með Norðurstrandarleið verður til aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem vilja halda sig utan alfaraleiðar og gera það með því að fara meðfram strandlengju Norðurlands. Samtals er leiðin um 800 kílómetra löng, með 21 bæ eða þorpi og fjórum eyjum sem auðveldlega er að hægt að komast út í með bát eða ferju. Leiðin er einnig aðferð til að dreifa gestum til fleiri svæða og þá sérstaklega út fyrir helstu perlur á Norðurlandi. Með því að þróa upplifun á slíkri ferðamannaleið, stuðlar það að því ferðamaðurinn stoppar lengur á áfangastaðnum Norðurlandi. Ferðafólk sem fer þessa leið fær tækifæri til að ná betri tengslum við náttúruna, litskrúðugt menningarlíf og einnig hið daglegt amstur þeirra sem búa í nálægt við norðurheimskautsbauginn. Einn af grunnþáttum verkefnisins sem er verið að vinna að er innviðagreining fyrir leiðina, þar sem kannað verður ástand bílastæða við útsýnisstaði, klósett, upplýsingarskilti og fleira. Auk þess er verið að þróa upplifun á leiðinni sem unnin er af breska ráðgjafafyrirtækinu Blue Sail. Áætlað er að verkefnið Norðurstrandarleið verði formlega opnað 8. júní 2019 sem er dagur hafsins.

Forgangsröðun samganga – Vegamál á Norðurlandi

Markaðsstofa Norðurlands hélt í september og október 2015 átta fundi um vegamál um allt Norðurland. Tilgangur fundanna var að fá beint frá ferðaþjónustuaðilum á hverju svæði hvar þörfin er brýnust fyrir úrbætur í vegamálum og hvaða verkefni ætti að setja í forgang. Boðaðir voru ferðaþjónustuaðilar og sveitarstjórnarmenn á hverju svæði og þeim gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Auk þessara funda átti Markaðsstofan samtal við fjölmarga hagsmunaaðila í greininni um málefnið. Úr þessari vinnu kom forgangslisti sem lögð er áhersla á.

Markaðsáherslur Markaðsstofu Norðurlands

- 95 þús sumarkort
- 25 þús vetrarkort
- 45 þús ferðahandbækur
- 7 Markaðsskrifstofur
- 86 blaðamenn
- 135 ferðaskrifstofur
- 250.800 heimsóknir á www.northiceland.is
- 50.000 heimsóknir á www.nordurland.is
- 26.500 fylgjendur á samfélagsmiðlum
- 5.500.000 sjá birt efni á visit North Iceland samfélagsmiðlum

Markaðsstofa Norðurlands hefur unnið eftir ákveðnum áherslum í markaðssetningu undanfarin ár. Sú vinna er meðal annars byggð á ímyndavinnu sem gerð var árið 2011, en þar tóku þátt um 120 ferðaþjónustuaðilar á svæðinu. Árið 2015 var síðan búin til ímyndarbæklingur sem tekur þessi áhersluatriði saman. Síðan þá hafa þau verið útfærð í þrjár meginháherslur sem eru:

Náttúra, ævintýra og vistvæn ferðaþjónusta

Vetrarferðamennska

Saga, menning og listir

Út frá þessum áherslum er síðan unninn markaðsáætlun þar sem tryggt er að stutt sé við þessar áherslur. Það má meðal annars sjá í öllu okkar almenna markaðsstarfi eins og markaðssetningu á netinu, samfélagsmiðlum, blaðamannaferðum, sýningum og fleira. Auk þess hafa verið unnið sértæk verkefni til að styðja við þessi áherslur eins og Birding Iceland, 5x5 Ski Iceland og Local Food.

FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA

Í áfangastaðaáætlun DMP Norðurlandi er óskað eftir forgangsröðun verkefna á svæðinu. Það er svo í höndum stjórnvalda hvernig þessi forgangslisti verður notaður á næstu þremur árum.

Markaðsstofa Norðurlands ákvað að fara leið þar sem allir gætu tekið þátt í ferlinu og lagði áherslu á að aðalhagsmunaaðilar verkefnisins myndu ákveða forgangsröðunina.

Í upphafi þessa ferlis var haldinn kynningarfundur með ferðamálafulltrúum og formönnum ferðamálasamtaka á svæðinu. Þar var kynnt hvernig forgangsröðun verkefna yrði unnin. Síðan var sendur póstur á alla ferðamálafulltrúa, formenn ferðamálasamtaka og sveitarstjóra, þar sem óskað var eftir að þeir skiluðu inn Topp 5 lista yfir þau verkefni sem þeir telja mikilvægast fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á þeirra svæði. Með því væri tryggt að niðurstöður stefnumótunar sveitarfélaga gætu komist á forgangslista. Auk þess hefðu hagsmunaaðilar á svæðinu tækifæri til að koma verkefnum á framfæri. Í framhaldi var kynnt að endanleg forgangsröðun yrði ákveðin á svæðisfundi sem haldnir yrðu inná hverju svæði fyrir sig, þar sem fundurinn myndi taka þá ákvörðun.

Mögulegur fjöldi verkefna

▼

115 verkefni

▼

68 verkefni bárust

Fjöldi sem mætti á fundi

▼

130 manns

Fimm svæðisfundir voru haldnir á Norðurlandi í október og nóvember. Fundirnir voru opnir öllum og komu ferðaþjónustuaðilar, sveitarstjórnarfólk og íbúar. Lögð var áhersla á að fá sem flesta á fundina. Voru þeir auglýstir í svæðisblöðum viðkomandi svæða, Facebook hópum, markpóstum ferðamálafulltrúa og markpósti Markaðsstofu Norðurlands.
Á fundinum var ákveðið hver forgangsverkefni hagsmunaaðila á svæðinu yrðu og farið var yfir markaðsáherslur svæðisins. Í upphafi fundarins var farið yfir DMP verkefnið og hvað sé þegar búið að gera. Eftir það var kynning á topp 5 listum sem bárust fyrir viðkomandi svæði. Síðan voru teknar umræður um hvert atriði, en auk þess mátti leggja fram tillögur um verkefni sem ekki voru á þessum listum. Því næst var gengið til kosninga og fundið út hvaða topp þrjú verkefni stæðu eftir. Eftir alla fundina stóðu í heildina 15 verkefni upp úr sem eru því forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar DMP á Norðurlandi. Að kosningu lokinni var þátttakendum skipt í umræðuhópa þar sem fjallað var um markaðsáherslur Markaðsstofu Norðurlands og reynt að dýpka þær út frá viðkomandi svæði. Að lokum var farið yfir framtíðarsýn Markaðsstofu Norðurlands og spurt hvort fundargestir væru sammála henni.

FORGANGSVERKEFNI

Svæði 1

Kálfshamarsvík
- Innviðauppbygging
- Norðurstrandarleið

Vatnsnesvegur
- Samgöngur
- Norðurstrandarleið

Vatnsdalshólar
- Innviðauppbygging
- Norðurstrandarleið

Svæði 2

Skagafjörður / Fjallabyggð

Austurárdalur / Jökulsárgljúfur
- Innviðauppbygging

Reykjafoss / Fosslaug
- Innviðauppbygging

Glaumbær
- Innviðauppbygging

Eyjafjörður

Kláfur / Hlíðarfjall
- Innviðauppbygging
- Norðurstrandarleið

Merkingar í Eyjafirði
- Innviðauppbygging

Hjartað í Vaðlaheiði
- Innviðauppbygging
- Norðurstrandarleið

Svæði 3

Dettifossvegur
- Samgöngur

Göngu- og hjólaleið við Mývatn
- Innviðauppbygging

Uppbygging við Þeistareyki
- Innviðauppbygging

Svæði 4

Dettifossvegur
- Samgöngur

Bakkafjarðavegur
- Samgöngur
- Norðurstrandarleið

Heimskautsgerði
- Innviðauppbygging
- Norðurstrandarleið

NÆSTU SKREF

Næstu skref fara í að gera samantekt á þessum punktum sem komu úr svæðisfundum og gera aðgerðaáætlun. Auk þess er unnið að greiningum á atriðum sem tengjast því að hægt verði að gera greinargott stöðumat á áfangastaðnum Norðurlandi. Stefnt er að því að kynningarfundir og mögulegar kannanir verði gerðar á nýju ári.

Nánari upplýsingar veitir verkefnastjórinn Björn H. Reynisson

Tölvupóstur: bjorn@nordurland.is

Sími 462 3300